

# AUGLÝSING

um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna- og eldisfiska frá.

## 1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

## 2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipunum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

|                   |               |             |                 |              |
|-------------------|---------------|-------------|-----------------|--------------|
| Albanía           | Gana          | Kúba        | Nýja Sjáland    | Suður Afríka |
| Argentína         | Gínea Conakry | Lettland    | Óman            | Suður Kórea  |
| Ástralía          | Gvatemala     | Litháen     | Pakistan        | Taíland      |
| Banglades         | Indland       | Madagaskar  | Panama          | Taívan       |
| Brasilía          | Indónesía     | Malasía     | Perú            | Tansanía     |
| Búlgaría          | Íran          | Maldíveyjar | Pólland         | Tékkland     |
| Eistland          | Jamaíka       | Marokkó     | Rússland        | Túnis        |
| Ekvador           | Japan         | Máritanía   | Senegal         | Tyrkland     |
| Falklandseyjar    | Jemen         | Máritíus    | Seychelleseyjar | Úganda       |
| Filippseyjar      | Kanada        | Mexíkó      | Singapúr        | Úrúgvæ       |
| Fílabeinsströndin | Kína          | Namibía     | Síle (Chile)    | Venesúela    |
| Gabon             | Kólumbía      | Nikaragúa   | Slóvenía        | Víetnam      |
| Gambía            | Krótía        | Nígería     |                 |              |

## 3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5., og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipunum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærustöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

|  |                    |   |   |
|--|--------------------|---|---|
| Alsír  | Franska Pólinesía  | Kongó   | Salómonseyjar   |
| Angóla   | Grenada            | Kostaríka   | Sameinuðu arabísku furstadæmin  |
| Antígva og Barbúda<br>– Aðeins heimill innflutningur á ferskum fiski | Grænland           | Kýpur   | Sankti Helena   |
| Armenía – Aðeins heimild til innflutnings á lifandi vatnakrabba      | Hollensku Antillur | Malta   | Sankti Pierre og Miquelon   |
| Aserbaídsjan – Aðeins heimill innflutningur á kavíar                 | Hondúras           | Mayotte – Aðeins heimilt að flytja inn ferskar, óunnar eldisafurðir | Simbabwe  |
| Bahamaeyjar  | Hong Kong          | Mjanmar (Burma)   | Srí Lanka   |
| Bandaríkin   | Hvíta-Rússland     | Mósambík  | Súrnam  |
| Benín  | Ísrael             | Nýja Kaledónía  | Sviss   |
| El Salvador  | Kamerún            | Papúa   | Tógó  |
| Erítreá  | Kenía              | Rúmenía   | Ungverjaland – Aðeins heimilt að flytja inn lifandi sjávardýr til manneldis |
| Fídjeyjar  |                    |   |   |

## 4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

|  |             |
|--|-------------|
| Ástralía   | Suður Kórea |
| Jamaíka - Aðeins heimilt að flytja inn sæsnigla. | Taíland     |
| Japan  | Túnis       |
| Marokkó  | Tyrkland    |
| Perú   | Úrúgvæ      |
| Síle   | Víetnam     |

## 5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með influtningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

|              |
|--------------|
| Bandaríkin   |
| Grænland     |
| Kanada       |
| Nýja Sjáland |

## 6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskimjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem atlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. auk Úkraínu og Púertóríkó enda komi mjölið frá skráðri starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

## 7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 69 frá 25. janúar 2001, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá, með síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. júlí 2002.*

F. h. r.

**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*